

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð prófastshjónanna á Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. des. 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð prófastshjónanna á Hofi,
séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður prófastshjónanna á Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjafabréfi Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi, dags. 29. ág. 1965, undirrituðu af honum og eftirlifandi börnum þeirra prófastshjónanna á Hofi, séra Einars Jónssonar og frú Kristínar Jakobsdóttur, þeim Jakobi Einarsyni, fyrrv. prófasti og frú Ingigerði Einarsdóttur, ásamt eiginkonu séra Jakobs, frú Guðbjörgu Hjartardóttur og eiginmanns frú Ingigerðar, Helga bókbindara Tryggvasyni, og auk þeirra, eftirlifandi konu Vigfúsar ráðuneytisstjóra Einarssonar frá Hofi, frú Guðrúnu Sveinsdóttur.

Í gjafabréfi þessu afhendir Benedikt með samþykki þessara aðila, Eiðaskóla, skuldlaust, þar sem óselt er af ritsafninu Ættir Austfirðinga, eftir Einar prófast Jónsson á Hofi í Vopnafirði, dáinn 24. júlí 1931.

Stofnfé sjóðsins er andvirði þeirra bóka, að frá dregnum kostnaði, er seldar voru á tímabilinu, 29. ág. 1965 til 13. ág. 1968, samt. kr. 55 802.29 — krónur fimmtíu og fimm þúsund átta hundruð og tvær, og tuttugu og níu aurar —.

3. gr.

Tekjur sjóðsins er andvirði þeirra bóka, sem seldar eru eftir 13. ág. 1968, að frá dregnum kostnaði. Vextir af peningum og verðbréfum sjóðsins, gjafir og áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum, sem segir í 6. grein þessarar skipulagsskrár.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, skólastjórn Eiðaskóla, sem er formaður stjórnarinnar, og tveimur fulltrúum frá Múlasýslum, sínum frá hvorri, kosnum af sýslunefndum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er einkum að styrkja bókasafn Eiðaskóla, en enn fremur að styrkja og stuðla að söfnun og útgáfu á hvers konar austfirzkum ætta- og sagnafróðleik.

6. gr.

Ársvextir sjóðsins, gjafir, áheit og annað, auk andvirðis seldra bóka, sbr. 4. gr., skulu leggjast við höfuðstólinn unz sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00 — hundruð þúsund krónur —, er þá stjórninni heimilt að verja $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum hans til þeirra hluta, sem skipulagsskráin mælir fyrir um, sbr. 5 gr. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónur — er stjórninni heimilt að nota alla ársvexti hans í sama skyni.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða visitölu-tryggðum verðbréfum, er stjórnin telur fullkomlega trygg.

Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, nöfn og heimilisföng þeirra aðila, er styrk fá úr sjóðnum, svo og í hvaða skyni. Enn fremur allar greiðslur, er sjóðurinn innir af höndum. Þá skulu einnig ársreikningar sjóðsins innfærast í gerðabók þessa.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúar næst á eftir. Reikningar sjóðsins sendist árlega eftirliti ríkisins með opinberum sjóðum til endurskoðunar.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá sjóðsins, ef brýnar ástæður þykja til, enda gegni sjóðurinn áfram því hlutverki að stuðla að menntun og menningu á Austurlandi.

11. gr.

Stofndagur sjóðsins skal talinn 7. des. 1968, sem er 115. afmælisdagur séra Einars prófests Jónssonar.

12. gr.

Hætti núverandi Eiðaskóli (þ. e. Alþýðuskólinn) störfum, tekur sú mennta-stofnun á Austurlandi, sem talið verður að komið hafi í hans stað, við núverandi hlutverki Eiðaskóla í stjórn sjóðsins.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar, samkvæmt 10. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 10. nóvember 1968.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hólshreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Hólshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.